

REGLUGERÐ

um Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs.

I. KAFLI

1. gr.

Norðfjarðardeild er deild úr Viðlagasjóði með sérstakan fjárhag og reikningshald. Stjórn Viðlagasjóðs er einnig stjórn Norðfjarðardeildar og um hana gilda einnig ákvæði 1.—6. og 8. gr. reglugerðar nr. 62/1973 um Viðlagasjóð.

2. gr.

Hlutverk Norðfjarðardeildar eru þessi:

1. Að bæta eignatjón af völdum snjóflóða þeirra, er féllu í Norðfirði 20. desember 1974.
2. Að bæta fjárhagstjón aðstandenda þeirra, er fórust af völdum snjóflóðanna sbr. 7. gr.
3. Að greiða eðlilegan kostnað af björgun verðmæta, olíuhreinsun og hreinsun rústa og athafnasvæða.
4. Að stuðla svo sem unnt er að endurreisn atvinnufyrirtækja í Norðfirði, sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðunum.

3. gr.

Í störfum sínum skal stjórn sjóðsins hafa samráð við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila, sem um málefni Norðfirðinga fjalla.

Þegar stjórn Viðlagasjóðs fjallar um stefnumarkandi mál, sem sérstaklega varða Norðfjarðarmálefni, skal hún gefa þingmannanefnd þeirri, sem forsætisráðherra hefir skipað til að hafa milligöngu milli Viðlagasjóðs og heimaaðila í Neskaupstað, kost á að taka þátt í umræðum um slík mál, áður en ákvörðun er tekin.

II. KAFLI

4. gr.

Tekjur Norðfjarðardeildar eru þessar:

1. 32% af viðlagagjaldi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 5/1975.
 2. Framlög og önnur aðstoð, sem berast kann frá erlendum og innlendum aðilum vegna snjóflóðanna í Norðfirði og ekki er beint til annarra nafngreindra aðila.
- Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

III. KAFLI

5. gr.

Deildin skal greiða þann kostnað Almanna- og Siglingamálastofnunar ríkisins vegna snjóflóðanna í Norðfirði, sem að mati stjórnar Viðlagasjóðs telst eðlilegur björgunarkostnaður verðmæta og til er stofnað fyrir 1. mars 1975.

Eftir 1. mars 1975 greiðir deildin aðeins þann kostnað Almannavarna ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins, sem leiðir af starfsemi, sem framkvæmd er að beiðni eða með samþykki sjóðsstjórnar.

6. gr.

Deildin greiðir eðlilegan kostnað, sem varð eftir 26. des. 1974 við björgun verðmæta úr rústum og undan snjóflóði, kostnað við hreinsun og aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón enda sé slíkur kosnaður ekki bótaskyldur af öðrum aðilum.

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því að ráðstafanir þessar séu framkvæmdar með sem hagkvæmustum hætti og kostnaði við þær í hóf stillt. Einungis skal greiða þann kostnað, sem er bein afleiðing af snjóflóði.

Deildinni er heimilt skv. ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni að greiða kostnað vegna björgunaraðgerða á tímabilinu 20. til 26. desember 1974, þó ekki almenn vinnulaun.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til þeirra manna, sem misstu sannanlegan framfæranda sinn í snjóflóðunum.

Einnig er stjórninni heimilt að greiða eftirlifandi maka eða sambýling bætur vegna fjárhagstjóns síns.

Bætur þessar skulu reiknaðar samkvæmt venjulegum reglum við ákvörðun dánarbóta í skaðabótamálum og til frádráttar skulu koma allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og váttryggingarfélagum, þó ekki líftryggingar.

Þá er sjóðnum heimilt að greiða bætur til þeirra, sem hlutu tímabundna eða varanlega örorku í snjóflóðunum.

Enn er stjórninni heimilt að bæta röskun á stöðu og högum eftirlifandi maka, sambýlings og ólöggráða barna eftir venjulegum skaðabótareglum.

Ákvörðun stjórnar sjóðsins um bótaskyldu og bótafjárhæð samkvæmt þessari grein er endanleg.

8. gr.

Eigi síðar en 1. júní 1975 skal stjórn Viðlagasjóðs tilkynna með opinberri auglýsingu hvernig haga skuli bótum úr sjóðnum fyrir það tjón, sem orðið hefur á fasteignamannvirkjum í Neskaupstað af völdum snjóflóðanna og ekki fæst bætt frá öðrum aðilum.

Þeir aðilar, sem telja sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni skulu tilkynna kröfu sína til skrifstofu Viðlagasjóðs eigi síðar en 1. júlí 1975.

9. gr.

Bætur skulu greiddar eftir þessum meginreglum:

1. Mannvirki sem eyðilagst hafa með öllu eða ekki eru viðgerðarhæf að álitum trúnaðarmanna Viðlagasjóðs skal bæta með brunabótamatsverði þeirra eins og það verður samkv. reglum Brunabótafélags Íslands þegar greiðsla bóta hefst að viðbættri hækkun skv. byggingarvísitölu frá því að brunabótamatsverð var síðast ákveðið. Nú liggur ekki fyrir brunabótamat eignar eða aukið hefur verið við eignina eða hún verið endurbætt á þann hátt, sem áhrif hefur á brunabótamat síðan brunabótamat var seinast gert, skulu trúnaðarmenn sjóðsstjórnar meta hið ómetna og skal það þá bætt samkv. því.

Eign í leigulóð eða leigulandi skal melin eftir sömu reglum og við ákvörðun eignarskatts og bætt samkvæmt því.

Þegar sjóðurinn hefur greitt bætur fyrir fasteign samkv. 1. og 2. mgr. þessa tölul. eða samið um þær skulu eigendur afsala sjóðnum öllum rétti sínum til fasteignarinnar.

Að fengnu afsali sbr. 3. mgr. þessa tölul. ber sjóðnum að afsala bæjarsjóði Neskaupstaðar slíkri fasteign. Verð ákveðist með samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

2. Telji stjórn Viðlagasjóðs mannvirki viðgerðarhæf skal hún láta trúnaðarmenn sína meta hæfilegan viðgerðarkostnað á skemmdum sem orðið hafa af völdum snjóflóðanna.
3. Nú hefur lausafé manna, vélar eða tæki sannanlega glatast eða eyðilagst af völdum snjóflóðanna og skal deildin bæta það tjón eftir mati trúnaðarmanna sinna þegar það hefur farið fram.

Hafi lausafé, vélar eða tæki skemnst án þess að eyðileggjast skal stjórn Viðlagasjóðs fylgjast með því að viðgerð fari fram á sem hagkvæmastan hátt og kostnaði sé stillt í hóf. Skemmdirnar skal bæta með greiðslu á hæfilegum viðgerðarkostnaði, enda sé viðgerð hafin fyrir árslok 1975.

Við mót sín skulu trúnaðarmenn sjóðsins fylgja svo sem unnt er reglum þeim og venjum sem skapast hafa á vegum Ríkisábyrgðasjóðs.

Bætur, sem greiddar hafa verið af váttryggingarfélögum, skulu ætíð koma til frádráttar bótum frá sjóðnum.

10. gr.

Bætur fyrir íbúðarhúsnæði sem eyðilagst hefur skal greiða á einu ári frá 20. desember 1974 að telja, að jafnaði með fjórum jöfnum greiðslum.

Bætur fyrir atvinnuhúsnæði, sem hafin er endurreisn á fyrir 1. ágúst 1975 skal stjórn sjóðsins greiða með hliðsjón af því hve framkvæmdum miðar áfram. Sé endurreisn ekki hafin fyrir þann tíma skal greiða bætur að hálfu á einu ári frá 20. desember 1974 að telja. Eftirstöðvar skal greiða með skuldabréfum Viðlagasjóðs. Skuldabréf þessi skulu greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum og bera vexti sem eru jafnir almennum sparisjóðsvöxtum á hverjum tíma.

Vextir greiðast ekki af þeim bótum sem greiðast innan árs frá 20. desember 1974 að telja.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að greiða fyrir fram upp í bætur þótt endanleg mót liggja ekki fyrir.

11. gr.

Áður en greiddar eru bætur vegna mannvirkja og lausafjár, sem hefur eyðilagst, skal kanna hvort eignirnar hafi verið veðsettar fyrir 20. desember 1974. Er stjórn Viðlagasjóðs heimilt að greiða áhvilandi veðskuldir á þremur árum með sömu lánskjörum og upphaflega var um samið.

12. gr.

Bætur fyrir viðgerðir á fasteign skulu greiddar, þegar mat liggur fyrir. Bætur fyrir lausafé eða fyrir viðgerðir á lausafé skal greiða, þegar mat eða viðgerð hefur farið fram sbr. 3. tl. 9. gr. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að greiða slíkan kostnað jafnóðum og kostnaðarreikningar berast.

Með viðgerðarkostnaði er heimilt að telja óhjákvæmilegan flutningskostnað vegna tækja og véla, sem ekki er unnt að gera við í Neskaupstað svo og aðstoð við öflun viðgerðatilboða.

13. gr.

Sjóðsstjórn skal, ef samkomulag næst ekki við tjónþola, úrskurða um bætur. Vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð sjóðsstjórnar getur hann krafist álits dómkvaddra manna um hæfilegar bætur.

IV. KAFLI

14. gr.

Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs er heimilt að veita bæjarsjóði Neskaupstaðar styrk vegna þeirrar tekjurýrnunar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs á árinu 1975, sem rekja má til snjóflóðanna.

15. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að veita atvinnufyrirtækjum í Neskaupstað, sem urðu fyrir verulegu tjóni af völdum snjóflóðanna, lán til að hraða endurreisn atvinnurekstrar síns.

Þá er stjórn Viðlagasjóðs einnig heimilt að veita þeim atvinnufyrirtækjum bætur, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna stöðvunar atvinnureksturs af völdum snjóflóðanna.

16. gr.

Norðfjarðardeild skal stuðla að því að atvinnurekstur sem stöðvast hefur af völdum snjóflóða hefjist aftur svo fljótt sem unnt er.

17. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær löghald eða gera í þeim fjárnám.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 5 28. febrúar 1975 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 17. apríl 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.